

Héraðsnefnd Árneseinga

56. fundur

haldinn í Ráðhúsi Ölfuss
11. maí 2012.

- 1. Oddviti, Gunnar Þorgeirsson, setti fundinn** og greindi frá tilhögun hans. Síðan var gengið til dagskrár.
- 2. Fundargerðir héraðsráðs** nr. 173-177 lagðar fram. Farið yfir þær og þær síðan staðfestar. Til máls tóku, auk oddvita, Drífa Kristjánsdóttir, Eyþór Arnalds, Eggert V. Guðmundsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir og Elfa Dögg Þórðardóttir.
- 3. Fundargerðir stofnana til kynningar:**
 - a) Listasafn Árneseinga frá 1.4. og 27.4. 2012.
 - b) Byggðasafn Árneseinga frá 8. 9. og 10. fundi.
 - c) Tónlistarskóli Árneseinga nr. 159 og 160.
 - d) Héraðsskjalasafn Árneseinga frá 11.10.2011, 21.3. og 7. 5.2012.Frjáslegar umræður um allar þessar fundargerðir, menn sammála um að stofnanirnar standa sig mjög vel á landsvísu. M.a. varpað fram hugmyndum um markvissa safnakennslu og samvinnu safnanna á þeim vettvangi; byggja markvisst upp safnasókn barna á grunnskólaaldri í héraðinu. Nánast allir fundarmenn tóku til máls undir þessum lið auk oddvita. Sérstökum erindum stofnana vísað til viðeigandi starfsnefnda fundarins.
- 4. Ársreikningar Héraðnefndar Árneseinga og stofnana.**

Sandra Dís Hafþórsdóttir fór yfir reikningana og svaraði fyrirspurnum. Fram kom, að fundarmenn telja rétt að fjárhagsnefnd fylgist með framvindu fjármála hjá stofnunum svo betur sé hægt að gera sér grein fyrir stöðunni á haustfundi. Til máls tóku, auk oddvita: Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Gunnar Örn Marteinsson, Eyþór Arnalds, Stefán Jónsson, Elfa Dögg Þórðardóttir, Sveinn Steinarsson, Ari Thorarensen, Drífa Kristjánsdóttir og Aðalsteinn Sveinsson. Ársreikningum síðan vísað til fjárhagsnefndar.
- 5. Fundargerð búfjárefirlitsnefndar** frá 30.4.2012 lögð fram til kynningar.
- 6. Innlegg forstöðumanna og ársskýrslur þeirra.**

Fyrst tók til máls Inga Jónsdóttir forstöðumaður **Listasafns Árneseinga**. Settar voru upp merkar sýningar á árinu, má þar m.a. geta sýningarinnar sem tileinkuð var Þingvöllum, og valdi gagnrýnandi hana eina af bestu sýningum ársins á landsvísu. Reksturinn hefur gengið upp, en hún vildi vissulega sjá betri nýtingu skólanna á þeim möguleikum sem í safninu felast. Í framhaldi af því var talsvert rætt um hvernig mætti auka aðsókn barnanna. Á næsta ári á listasafnið 50 ára afmæli og verið er að huga að því hvernig þess verður minnst.

Robert Darling og Helga Sighvatsdóttir komu fyrir hönd **Tónlistarskóla Árnesinga**. Árangur skólans fer einu sinni enn fram úr björtum vonum, litlar breytingar á starfsmannahaldi og árangur nemenda góður og oft frábær á landsvísu. Svokallað „hálf nám“ er dýrt og ekki æskilegt til árangurs, en hefur verið óhjákvæmilegt undanfarin ár vegna fjárhagsástæðna. Skólastjórnendur langar að takast á hendur öflugra kennslu í rytmísku námi eins fljótt og auðið er. Erindi þess efnis lagt fyrir fundinn. Vísað til starfsnefnda.

Eftir matarhlé ávarpaði Þorsteinn Tryggvi Másson fundinn f.h. **Héraðsskjalasafns Árnesinga**. Safnið starfar með blóma, sýningar eru vel sóttar, áhugi eykst hratt, gestum fjölgar. Afhendingar eru fjölmargar, starfsmenn keppast við að skrá skjöl og ekki síst myndasöfn. „Slides“ myndir endast aðeins í ákveðinn tíma og verið er að bjarga miklum menningarverðmætum við endurvinnslu þeirra. Safnið sinnir ráðgjöf um skjalavörslu og stefnt er að því að allar sveitarstjórnarskrifstofur séu með samþykktu bréfalykla til skjalavörslu skv. kröfum Þjóðskjalasafns fyrir árslok. Fram kom að sneiðast fer um pláss, bæði fyrir starfsmenn, gesti og ekki síst til geymslu. Lýður Pálsson, forstöðumaður **Byggðasafns Árnesinga** tók síðan til máls. Þar er helst til tíðinda að húsið Kirkjubær á Eyrarbakka var keypt skv. samþ. Héraðsnefndar Árnesinga þar um. Umtalsverðra breytinga og viðgerða er þörf, svo að húsið geti gegnt því hlutverki sem því er ætlað, þ.e. að gefa raunsanna mynd af alþýðuheimili um 1930. Óskað hefur verið eftir tillögu frá Þjóðminjasafni um málefni Minjasafnsins í Gröf. Gamla fjósið við Byggðasafnið er á margan hátt einstakt í sinni röð, og brýnt að gera það upp. Þjónustusamningur hefur verið gerður varðandi Rjómabúið að Baugsstöðum. Erfitt mun vera að fjármagna ýmsar aðgerðir, s.s. viðgerðir og viðhald gamalla bíla. Spurning hvort hægt væri að fá þriðja aðila til samstarfs í slíkum verkefnum. Fram kom brýn nauðsyn á góðu geymsluhúsnæði fyrir stærri hluti, bíla, báta oþh.. Erindi beint til héraðsnefndar þar að lútandi, sem starfsnefnd mun fjalla um. Skýrslur stofnana og erindi rædd vítt og breitt, allir fundarmenn tóku þátt í þeim umræðum.

- e) **Almannavarnir Árnessýslu**. Aldís Hafsteinsdóttir sagði frá málefnum Almannavarnarnefndar. Þar gat hún m.a. námskeiðs sem haldið var á vegum Almannavarna fyrir vettvangsstjóra sveitarfélaganna, sem heppnaðist vel.

Nú var gert fundarhlé, og fóru fundarfulltrúar í fylgd heimamanna í heimsókn í sjávarútvegsfyrirtækið **Ramma**. Var það fróðlegt og skemmtilegt og vel tekið á móti gestunum. Síðan var fundi fram haldið.

7. **Framtíð héraðsnefndar á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga**/drög að nýjum samþykktum. Vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar.
8. **Nefnd um endurskoðun fjallskilareglugerðar** hefur unnið tillögu að nýrri reglugerð, sem send var sveitarfélögunum til umsagnar og athugasemda. Að því ferli loknu, með smávægilegum breytingum, er hún nú lögð fyrir héraðsnefnd. Héraðsnefnd Árnesinga samþykkir tillöguna eins og hún liggur fyrir fundinum, þakkar nefndinni mikið og gott starf, en felur henni að afla grundvallarskilgreiningar 42. gr. laga frá 21. mars 1986, hjá þar til bærum aðilum, og liggja sú skilgreining fyrir á haustfundum.
9. **Málefni Alviðru**. Oddviti greindi frá því, að hann væri í viðræðum við formann Landverndar um málefni Alviðru. Báðir aðilar leggja sig fram um að ná viðunandi lausn fyrir eigendur jarðarinnar, og er málið komið á rekspöl.

10. Nú hófust störf í nefndum. Að þeim loknum voru eftirtaldar tillögur samþykktar með áorðnum breytingum og að undangengnum umræðum, sem allir fundarmenn tóku þátt í að meira eða minna leyti.

Mennta- og menningarmálanefnd:

Drífa Kristjánsdóttir
Halldóra Hjörleifsdóttir
Elfa Dögg Þórðardóttir
Eggert Valur Guðmundsson

„Mennta-og menningarmálanefnd tekur jákvætt í beiðni Róberts Darlings, skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga, og leggur til að beiðni um viðbótar stöðugildi vegna rytmiskrar deildar verði vísað til stjórnar T. Á. sem kanni í samráði við skólastjóra, hvort að nýtt stöðugildi geti rúmast innan fjárhagsáætlunar skólans fyrir árið 2012.

Mennta-og menningarmálanefndin hvetur stjórnir og forstöðumenn safnanna til að koma á markvissu samstarfi við menntastofnanir í sýslunni. Nefndin minnir á bættar almenningssamgöngur á svæðinu og hvetur til aukins samstarfs við Markaðsstofu Suðurlands.“

Allsherjarnefnd:

Arna Ír Gunnarsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Gunnar Örn Marteinsson
Stefán Jónsson
Þórdís Eygló Sigurðardóttir

"Allsherjarnefnd leggur til að drög að stofnsamningi Héraðsnefndar Árnesinga bs. verði samþykkt og hann lagður fyrir sveitarstjórnir í haust. Allsherjarnefnd leggur jafnframt til að ekki verði fjölgað í Héraðsnefndinni eins og lagt er til í nýjum stofnsamningi heldur haldist fjöldi fulltrúa óbreyttur."

Fjárhagsnefnd:

Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður,
Aðalsteinn Sveinsson,
Eyþór Arnalds,
Guðmundur Þór Guðjónsson
Sveinn Steinarsson.
Einnig starfar með nefndinni fjárhaldsmaður Ingibjörg Garðarsdóttir.

Nefndin hefur haldið einn fund til undirbúnings fyrir fund Héraðsnefndar og yfirfarið ársreikninga stofnana.

Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga, Tónlistarskóla Árnesinga og Almannavarnanefndar Árnessýslu.

Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga lagður fram. Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2011 að niðurstaða ársins væri á pari. Niðurstaða ársins er jákvæð um 341.998 kr. Fjárhagsnefnd leggur til að hlutabréfaeign í Ramma hf. verði seld á árinu 2012.

Fjárhagsnefnd leggur til að reikningurinn verði samþykktur.

Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga lagður fram. Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2011 að niðurstaða ársins væri á pari. Niðurstaða ársins er jákvæð um 14.760.200 kr. Hagnaðinn má rekja til þess að jarðskjálftabætur upp á 17.653.000 kr. eru tekjufærðar 2011. Í raun er um 2,9 millj.kr. tap á rekstri safnsins fyrir utan jarðskjálftabætur að ræða. Þar af eru 1.150.000 kr. í uppsafnaðar afskriftir frá árinu 2003 að ræða. Hér eftir verða afskriftir færðar árlega. Lagt var til árið 2010 að 500.000 kr. af arði Helgi Ívarssonar væri tekjufærður hjá safninu, það hefur ekki verið gert og verður það lagfært árið 2012. Síðastliðin 2 ár hefur safnið verið rekið með tapi og því má ætla að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 hafi verið of lág.

Það er mat fjárhagsnefndar að rekstrargrundvöllur safnsins sé brostinn ef ekki er lagt meira fé í rekstur þess. Í ljósi þess er lagt til að fjárhagsáætlun ársins 2012 verði endurskoðuð í haust og milliuppgjör lagt fyrir fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd leggur til að reikningurinn verði samþykktur

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga lagður fram. Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2011 að rekstrarniðurstaða safnsins væri neikvæð um 796.488 kr.. Niðurstaða ársins er neikvæð um 189.710 kr. Safnið hafði hærri tekjur en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 4,6 millj.kr.. Rekstrarkostnaður varð hærri en áætlun sem nemur 5 millj.kr. Lagt var til árið 2010 að 500.000 kr. af arði Helgi Ívarssonar væri tekjufærður hjá safninu, það hefur ekki verið gert og verður það lagfært árið 2012.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga lagður fram. Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2011 að rekstrarniðurstaða ársins væri jákvæð um 2.000.00 kr. Niðurstaða ársins er neikvæð um 2.256.467 kr. Tekjur safnsins eru 1,5 millj.kr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir og rekstrarkostnaður er 2,7 millj.kr. hæri og þar af eru uppsafnaðar afskriftir frá árinu 2001 1.460.337 kr.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga lagður fram. Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2011 að rekstrarniðurstaða ársins væri jákvæð um 1.900.00 kr. Niðurstaða ársins er jákvæð um 3.521.698 kr.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Ársreikningur Almannaávarna Árnessýslu lagður fram. Gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2011 að rekstur nefndarinnar væri á pari. Niðurstaða ársins er jákvæð um 663.447 kr.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Ályktanir Fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd leggur til að fyrir haustfund Héraðsnefndar liggi fyrir 8 mánaða milliuppgjör allra stofnana Héraðsnefndar að Almannaávarnum undanskildum. Fjárhagsnefnd verði falið

að fara yfir uppgjörin með tilliti til þess hvort grípa þurfi til aðgerða eða endurskoðunar vegna einstakra liða.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningar stofnana Héraðsnefndar komi til umræðu í Fjárhagsnefnd áður en þeir verða samþykktir af stjórnnum viðkomandi stofnana.

Fjárhagsnefnd leggur til að umsókn Tónlistarskóla Árnesinga um hálf tölubúgildi rytmakennara verði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningar stofnana Héraðsnefndar fyrir árið 2011 verði samþykktir.”

Eins og áður sagði voru **ofangreindar tillögur starfsnefnda samþykktar.**

Önnur mál.

Ekki reyndust fleiri mál vera til umræðu á þessum fundi. Oddviti þakkaði góðan fund og viðurgjörning allan í Ölfusi. Í fundarlok buðu heimamenn fundargestum í kynnisferð um bæinn. Fyrirtækið Jarðefnaiðnaður var heimsótt, en það vannur Hekluvíkur til útflutnings. Glæsilegt íþróttahús og sundlaug var einnið heimsótt og síðan buðu Ölfusingar til veglegs kvöldverðar í Ráðhúsi Ölfuss.

Halla Guðmundsdóttir
ritari Héraðsnefndar Árnesinga.

Eftirtaldir sátu fundinn, allan eða að hluta:

Gunnar Þorgeirsson	gunnar@gogg.is
Aldís Hafsteinsdóttir	aldis@hveragerdi.is
Ari B. Thorarensen	arith@simnet.is
Drífa Kristjánsdóttir	torfast@simnet.is
Halldóra Hjörleifsdóttir	fossari@simnet.is
Aðalsteinn Sveinsson	adalsteinn@floahreppur.is
Gunnar Örn Marteinnsson	oddviti@skeidgnup.is
Guðmundur Þór Guðjónsson	gudmundur@jotunn.is
Eyþór Arnalds	arnalds@gmail.com
Sandra Dís Hafþórsdóttir	sandradis@arborg.is
Íris Böðvarsdóttir	iris@hsu.is
Arna Ír Gunnarsdóttir	arna@arborg.is
Þórdís Eygló Sigurðardóttir	thordise@arborg.is
Elfa Dögg Þórðardóttir	elfa@arborg.is
Eggert V. Guðmundsson	eggertvalur@simnet.is
Stefán Jónsson	stefan@olfus.is
Sveinn Steinarsson	litoland@simnet.is

(sign)